

Mál nr. 75/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Greiðslukortatrygging

Gildissvið vátryggingaskilmála. Forföll.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 5. mars 2022, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags. 25. mars 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M átti pantaða ferð til Dubai dagana 18 - 27. febrúar 2022. Fyrirhugað var að millilenda í Kaupmannahöfn á útleið og heimleið. M greindist með Covid þann 11. febrúar 2022 og losnaði úr einangrun 17. febrúar. Þann dag fór M í pcr próf en niðurstaða þess prófs var ekki komin vegna álags hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og fór M því í flugið frá Keflavík til Kaupmannahafnar. Þegar þangað var komið barst M niðurstaða úr pcr prófinu sem reyndist vera jákvæð. Fór hann aftur í pcr próf út í Kaupmannahöfn sem reyndist einnig jákvætt. Var því útséð með að M gæti flogið frá Kaupmannahöfn til Dubai og keypti hann því nýtt flug til Íslands þann 19. febrúar. M fer fram á endurgreiðslu úr kreditkortatryggingu sinni vegna ferðar fram og til baka frá Kaupmannahöfn til Dubai og svo vegna upprunalegu ferðarinnar frá Kaupmannahöfn til Keflavíkur og svo einnig vegna aukaflugs sem M þurfti að kaupa vegna heimferðar þann 19. febrúar eftir að fyrirséð var að hann gæti ekki flogið til Dubai. V hefur hafnað bótaskyldu.

M telur að bótaskylda sé fyrir hendi. Hann hafi ekki getað að því gert að niðurstaða úr pcr prófinu sem hann tók þann 17. febrúar fyrir flugið til Kaupmannahafnar hafi ekki verið komin og því hafi verið eðlilegt að halda áætlan og taka flugið til Kaupmannahafnar þann 18. febrúar. Það að hafa fengið niðurstöðuna úr pcr prófinu í Kaupmannahöfn fremur en á Íslandi eigi ekki að skipta máli um bótarétt þar sem sýnataka heilsugæslunnar skilaði ekki niðurstöðu fyrir flugið.

V telur að bótaskylda sé ekki fyrir hendi úr forfallatryggingu kortatryggingar vegna ferðarinnar. Vísar V til þess að í grein 7.1.9 í vátryggingarskilmála kortatryggingarinnar komi fram að skilyrði greiðslu vegna forfalla sé að forföllin verði fram að brottför frá heimili vátryggðs. M hafi hafið ferð sína er hann hélt af stað til Kaupmannahafnar.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort M eigi rétt á bótum úr forfallatryggingu kreditkortatryggingar hjá V vegna ferðar til Dubai með millilendingu í Kaupmannahöfn dagana 18-27. febrúar 2022 og vegna heimferðar sem M þurfti að kaupa er hann greindist jákvæður á pcr prófi úti í Kaupmannahöfn. Miðað við fyrirbyggjandi gögn liggur ekki annað fyrir en að M hafi verið farinn frá heimili sínu í umrædda ferð áður en til forfalla kom og á hann því ekki rétt á bótum úr forfallatryggingu sinni hjá V sbr. ákvæði í grein 7.1.9 í vátryggingaskilmálum þeim sem um ræðir í máli þessu. Hið sama á einnig við um kostnað vegna flugmiða frá Kaupmannahöfn til Íslands sem M keypti er fyrirséð var að hann gæti ekki haldið ferðinni til Dubai áfram. En sá kostnaður fellur ekki undir forfallatryggingu sbr. ákvæði í grein 7.1 enda ekki um að ræða ferðakostnað sem greiddur er fyrir fram eða samið er um fyrirframgreiðslu á.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kreditkortatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 5 .apríl 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir